

Stjórn foreldrafélagsins
8.sep 2015

Mætt:

Svava Magnúsdóttir
Brynhildur Jónsdóttir
Sverrir Tryggvason
Steingerður Þóra Daníelsdóttir
Sigríður Þrúður Stefánsdóttir

1. **Verkaskipting stjórnar:** Breyting á verkaskiptingu stjórnar:
 1. Sverrir verði gjaldkeri. Brynhildur verður honum innan handar.
 2. Steingerður og Ingimundur sjá um foreldraröltið.
 3. Sigríður Þrúður situr í Skólaráði fyrir hönd Foreldrafélags.
2. **Umræður um ípad væðingu:** Margar góðar athugasemdir og spurningar. Varðandi kennslu barna á notkun ípad, hvers vegna ákveða þarf fyrir 15.október hvort kaupa eigi ípad eða ekki. Foreldrar hvattir til að mæta á kynningarfund sem haldinn verður í Kópavogsskóla fimmtudaginn 10.sept.
3. **Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa 22.september n.k:**
 1. Sent út fundarboð á bekkjarfulltrúa í þessari viku og aftur í næstu viku (SPS). Á námskeiðinu verður foreldraröltið (Þröstur) einnig kynnt og skipan í jólaföndur- og vorhátíðarnefndir. Útnefna 2 í hverja nefnd sem fær. Kynna nýtt fyrirkomulag um bekkjarráð foreldra og nemenda. Einnig að ræða að árgangar séu saman í bekkjarstarfinu. Senda einnig og bjóða öllum foreldrum í gegnum ritara skólans. Bekkjarfulltrúaskjal verður einnig sett inn á facebooksíðu Foreldrafélagsins. Skjal með lista yfir bekkjarfulltrúa er nú komið á facebook síðu Foreldrafélagsins.
4. **Skipa í jólaföndurs- og vorhátíðarnefndir:**
 1. Byrja á að auglýsa eftir fólki á facebook síðu Foreldrafélagsins, senda á bekkjarfulltrúar. Ný hugmynd kynnt á fundinum að undirbúningur fyrir vorhátíð yrði skipt á milli árganga.
5. **Kynning á foreldrafélagi á námskynningum:**
6. **Bekkjarráð á mið- og unglingastigi:** Guðrún skólastjóri er búin að senda póst á kennara skólans og óska eftir því að þeir kjósi/velja tvo nemendur í bekkjarráð með bekkjarfulltrúum. Þetta á einungis við 5. – 10. Bekk.
7. **Efling Foreldrafélagsins:** Skipulagning haustfagnaðar foreldrafélagsins 15. október verður í höndum Brynhildar og Svövu.
8. **Rætt um hugmyndir um að gera eitthvað sameiginlegt fyrir allan skólann:** Það verður skoðað síðar í vetur með tilliti til fjárhagsstöðu félagsins.